




STARFSSKÝRSLA

Leikskólinn Hulduheimar



**Greinargerð og endurmat fyrir skólaárið 2020-2021.
Starfsáætlun fyrir skólaárið 2021 – 2022**

Einkunnarorð Hulduheima

Virðing-Lýðræði-Samfélag

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Leikskólastarfið í Hulduheimum	4
2.1 Stefna Hulduheima	4
2.1.1 Markmið Hulduheima	4
2.2 Stutt greinargerð um starfið skólaárið 2020-2021	5
3. Mat á leikskólastarfi	5
3.1 Helstu niðurstöður innra mats skólaárið 2020-2021	6
4. Samsetning nemendahópa og foreldrasamstarf	8
4.1 Nemendahópurinn (aldur, árgangar, dvalartímar)	8
4.1.1 Fjöldi nemenda sem nutu sérstaks stuðnings	9
4.1.2 Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála	9
4.2 Foreldrasamvinna	9
4.2.1 Foreldraráð.	9
4.2.2 Foreldrafélag	9
4.2.3 Foreldrafundir, foreldrafræðsla.	10
4.2.4 Foreldraviðtöl.	10
4.2.5 Upplýsingaflæði til foreldra	10
5. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf	10
5.1 Samstarf við skólaþjónustu Árborgar	10
5.2 Samstarf leik- og grunnskóla	10
5.3 Samstarf við háskólana	11
5.4 Annað samstarf	11
6. Starfsmannamál	11
6.1 Stjórnskipan Hulduheima skólaárið 2020-2021	11
6.2 Fundarhöld.	12
6.3 Símenntun starfsmanna	12
6.3.1 Námskeið og símenntun starfsmanna skólaárið 2020-2021	13
	13
7. Starfsáætlun skólaársins 2021-2022	14
7.1 Áherslur í starfi Hulduheima á skólaárinu 2021-2022	14
7.2 Símenntunaráætlun skólaársins 2021-2022	14
7.2 Umbótaáætlun Hulduheima 2021-2022	15
7.3 Matsáætlun Hulduheima skólaárið 2021-2022	16

7.4 Leikskóladagatal 2021-2022

18

8. Samþykki foreldraráðs

19

Leikskólinn Hulduheimar

Heimilisfang: Erlurimi 1, 800 Selfoss

Aðalsímanúmer: 480-3280

Netfang: hulduheimar@arborg.is

Heimasíða: <http://hulduheimar.arborg.is/>

Opnunartími leikskólans: 7:45-16:30

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsskýrslu leikskóla sem byggir á skólanámskrá leikskólans. Þar er gerð grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitafélagsins. Að því búnu skal starfsskýrslan kynnt foreldrum leikskólabarna.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins með gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Að vori er farið yfir allt innra mat skólaársins og umbótaáætlun gerð í kjölfarið.

Hér gefur að líta helstu niðurstöður innra mats og upplýsingar um starf Hulduheima skólaárið 2020-2021 og starfsáætlun leikskólans skólaárið 2021-2022 en hún er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Starfsáætlunin er unnin í samráði við kennara leikskólans.

Starfsskýrsla leikskólans skal skilað fyrir 1. október ár hvert til Skólaljónustu Árborgar og lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Hulduheima.

Selfoss, 1. september 2021

Kristrún Hafliðadóttir
Leikskólastjóri Hulduheima

2. Leikskólastarfið í Hulduheimum

2.1 Stefna Hulduheima

Leikskólinn Hulduheimar starfar eftir lögum um leikskóla og Aðalnámskrá fyrir leikskóla. Námsgvið leikskóla eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning en þau eiga að falla inn í alla starfsemi leikskólans.

Í Hulduheimum er hugmyndafræði John Dewey grunnurinn að innra starfi leikskólans. Samkvæmt henni er talið mikilvægt að börnin þekki fortíðina til að skilja nútíðina. Samfélagið og skólinn vinna saman og samband þarf að vera á milli raunverulegrar reynslu barnanna, náms og menntunar. Skólinn er samfélag þar sem lýðræði er haft að leiðarljósi, þar sem ólíkir einstaklingar starfa saman og hver um sig leggur sitt að mörkum. Reynslan, samfélagið og lýðræðið eru samofin í leikskólastarfinu samkvæmt hugmyndum Dewey. Hlutverk leikskólans er að hafa í huga líf barnanna utan veggja leikskólans og byggja á þeirri reynslu sem börnin hafa þegar aflað sér og skapa nýja reynslu sem þau geta lært af. Líf innan veggja leikskólans á að hjálpa barninu að lifa og starfa sem einstaklingur í samfélagi við aðra einstaklinga.

Samkvæmt hugmyndafræðinni er það börnum meðfætt að læra, þess vegna eiga þau að vera virk í eigin námi. Grunnhugmyndir uppeldisstefnu John Dewey byggjast á hugmyndum sem lýsa á einfaldan hátt í einkunnarorðunum „learning by doing“, að læra í athöfn og að læra af eigin reynslu.

Aðalnámsaðferð Hulduheima er könnunaraðferðin (Project Approach) en hún fer vel saman við hugmyndafræði Deweys að því leyti að þar er þekking byggð á reynslu barnanna. Með aukinni reynslu og rannsóknum á viðfangsefninu eykst þekkingin enn frekar.

2.1.1 Markmið Hulduheima

1. *Að mæta barninu þar sem það er stadd*, einstaklingsmiðað nám (menntun og reynsla). Samkvæmt hugmyndafræði Dewey er leikurinn leið til menntunar og þroska, börn öðlast einungis raunhæfa menntun í gegnum reynslu sína. Nám barna er samfélagsmiðað þar sem barnið lærir í samskiptum við aðra einstaklinga.
2. *Að barnið kynnist samfélaginu og umhverfinu* (menntun og samfélag). Börnunum er gefin tækifæri til þess að rannsaka og skoða umhverfi sitt og vinna úr upplifunum sínum á markvissan hátt innan leikskólastarfsins. Þau fá tækifæri til að læra á og þekkja umhverfi sitt, sögu, náttúru, fyrirtæki og annað sem einkennir umhverfi leikskólans.
3. *Að barnið kynnist lýðræði* (menntun og lýðræði). Virðing er undirstaða lýðræðis. Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum. Virðing felst m.a. í sanngirni, umhyggju, víðsýni og umburðarlyndi. Samhliða lýðræði og lífsleikni er stuðlað að því að hver og einn leggi sitt af mörkum til samfélagsins.

2.2 Stutt greinargerð um starfið skólaárið 2020-2021

Það má segja að skólaárið hafi einkennst af samvinnu og lausnarmiðun þar sem Covid 19 setti mark sitt á skólastarfið eins og svo víða annars staðar. Skólasamfélagið þurfti að stöðuglega að aðlaga sig að síbreytilegum takmörkunum sem settar voru eftir stöðu faraldursins hverju sinni og voru aðstæður oft mjög krefjandi. Aðkoma foreldra að skólastarfinu var mjög lítil þar sem aðgangur að skólanum var takmarkaður en foreldrar gátu þó komið inn í húsið og hitt starfsfólk á hverjum degi (en það var ekki raunin í öllum leikskólum). Er það mat stjórnenda að í heildina hafi gengið vel að láta skólastarfið ganga sem eðlilegast eftir atvikum og var samvinna foreldra og starfsfólks þar lykilatriði.

Vinnutímastytting starfsfólks kom inn í kjarasamninga um áramótin og var það töluverð áskorun fyrir stjórnendur að skipuleggja mönnun þegar takmarkanir vegna Covid 19 bættust við. Mikil ánægja var með vinnustyttinguna og þótti starfsfólki hún hjálpa til við aukaálag sérstaklega andlegt álag í fyrstu bylgjum faraldursins.

Fresta hefur þurft námsferð starfsmanna til Finnlands um óákveðinn tíma en hún var fyrst fyrirhuguð vorið 2020.

Áfram var unnið að mótun og innleiðingu Agastefnu Hulduheima og einnig lögð áhersla á að auka þekkingu á einkunnarorðum leikskólans. Ný heimasíða leit einnig dagsins ljós á skólaárinu en það var liður í að samræma útlit heimasíðna leikskólanna og endurbætur á heimasíðu sveitarfélagsins.

3. Mat á leikskólastarfi

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitafélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi, innra- og ytra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Ytra mat er framkvæmt af aðilum utan leikskólans sem hafa með menntamál að gera og þá í umboði sveitarfélags eða mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Innra mat á starfi leikskólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og á þeim dögum er endur- og símenntun starfsmanna jafnframt sinnt. Foreldrar og börn koma einnig að innra mati eins og fram kemur hér á eftir. Matinu er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum. Því er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðslufirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Vegna þess hve skólastarfið er umfangsmikið er ekki hægt að skoða alla þætti á sama tíma. Til þess að tryggja að matið nái til allra sviða skólastarfsins hefur verið útbúin fjögurra ára matsáætlun þar sem skipulagt er hvenær þættir eru metnir. Nánari útfærsla er svo í matsáætlun fyrir hvert skólaár og þá er bætt við eftir áherslum í starfinu hverju sinni.

3.1 Helstu niðurstöður innra mats skólaárið 2020-2021

Endurmat haust- og vorönn:

Starfsmenn mátu eftir haust- og vorönn og til þess voru notaðir heimatilbúnir matslistar. Matsþættir voru almennt starf á deildum, skipulag, samstarf og fleira. Svo voru teknir þættir úr umbótaáætlun sem og aðrir þættir samkvæmt matsáætlun. Metið var á deildarfundum og niðurstöður kynntar á deildarstjórafundum þar sem ekki var hægt að hafa starfsmannafundi með öllu starfsfólki vegna samkomutakmarkana. Skólaárið gekk nokkuð vel að mati starfsfólks þrátt fyrir ýmsar takmarkanir vegna Covid-19. Foreldraheimsóknir voru engar og tóku foreldrar ekki þátt í neinum viðburðum fyrir utan útskrift elstu barna í lok maí. Uppákomur sem haldnar voru innan húss heppnuðust vel en þær þurfti oft að aðlaga samkvæmt gildandi takmörkunum. Sem dæmi var hver deild með sitt jólaball í salnum og jólasveinar komu stutt að. Enn (líkt og í endurmati síðustu ára) nefndi starfsfólk að það mætti gera meira úr litadögnum.

Aðlögunin gekk vonum framur þar sem hún var ekki eins og vant er sökum farsóttarinnar. Leikskólastarfið gekk nokkuð vel. Barnahópar voru mismunandi og því starfsmenn deilda að kljást við mismunandi hluti. Í haustannarmati ræddi starfsfólk deilda um almenna líðan barnanna á deildinni og hvernig mætti bæta líðan ef þurfti. Í vorannarmati var starfsfólk deilda beðið um að rifja upp stöðu barnahópsins frá því um haustið og svo hvernig staðan væri að vori. Starfsfólk hafði séð breytingu á barnahópnum til hins betra og gat komið auga á hvað það hafði gert til að mæta hópnum eða aðstæðum sem upp komu. Sem dæmi um aðferðir sem gengu vel; jákvæðar og markvissar agaaðferðir, aukið samstarf við börnin (lýðræði), stöðugleiki og góð samvinna starfsmanna sem og viðeigandi breytingar á dagskipulagi og hópastarfi. Eins sá starfsfólkið mun á alhliða þroska barnanna, hvað þau höfðu lært og hvernig þau voru öruggari með sig í hópnum/leikskólanum. Börn í tveimur elstu árgangum mátu einnig sína líðan í „broskarlamati“ og má sjá síðar í þessum kafla um innra mat.

Þar sem verið var að innleiða agastefnu Hulduheima þetta skólaár var starfsfólk beðið um að meta hvernig gengi að tileinka sér vinnubrögðin. Orðræðan er notuð í vaxandi mæli og aðferðir eins og hrós og hvatning var mikið notað. Grunnatriði agastefnunnar hafa smátt og smátt verið að festast í sessi. Starfsfólk benti á þörf til þess að fá „verkfæri“ til að beita í ýmsum félagslegum aðstæðum. Í lok skólaársins var búið að útbúa ítarefni fyrir starfsfólk til að hafa til hliðsjónar en það efni var byggt á vinnu allra deildarstarfsmanna í byrjun skólaárs. Eftir áramót var tekið áttak í að efla þekkingu á einkunnarorðum leikskólans og í lok vorannar var sú vinna metin. Tveir elstu árgangar voru með námsefni þar sem farið var markvisst yfir einkunnarorðin og þýðingu þeirra. Sú vinna skilaði sér m.a. inn í orðræðu sumra barnahópa, sérstaklega voru þau upptekin af því hvað væri virðing. Vinnan með einkunnarorðin fór einnig inn í hópastarfið og könnun. Á yngri deildum var meiri áhersla á að nota gildin sem einkunnarorðin vísa til heldur en að útskýra orðin ítarlega. Þar litaðist hópastarfið að einhverju leyti líka af einkunnarorðunum s.s. í skógarferðum og ferðum í nærumhverfinu.

Nýliðakönnun:

Spurningakönnun var lögð fyrir nýtt starfsfólk í nóvember 2020. Sex starfsmenn svöruðu og sögðu að þeir hefðu fengið vinalegar og hlýlegar móttökur allra starfsmanna. Þeir skynjuðu

góðan starfsanda og hjálpsemi starfsfólks í milli. Þó bar aðeins á óöryggi til að byrja með og því mikilvægt að vinnuskipulag sé skýrt svo að nýtt starfsfólk viti nákvæmlega til hvers er ætlast af því. Markviss endurgjöf hefði einnig mátt vera meiri í byrjun svo að starfsfólkið vissi hvernig það stæði sig. Einnig var ábending um að nýtt starfsfólk fengi fljótlega upplýsingar um barnahópinn og hvort það væru einhverjar sérþarfir.

Foreldrakönnun Skólapúlsins:

Könnunin var lögð fyrir foreldra í febrúar/mars 2021. Fjöldi þátttakenda voru 102 en fjöldi svarenda 93. Svarhlutfall var því 88,6%. Könnunin náði til sex þátta sem skiptust svo flestir niður í ítarlegri atriði. Þessir þættir voru daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagerðu, sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta og að lokum aukabáttur en hann laut að viðbrögðum vegna Covid-19.

Flestir foreldrar voru almennt ánægðir með leikskólann (88,6%) og 98,9% voru ánægðir með stjórnun leikskólans. Í opnum spurningum kom fram að það er margt sem foreldrar eru ánægðir með í leikskólanum. Mikið var talað um gott starfsfólk, góða aðstöðu, barnið ánægt og líður vel. Þá kemur líka fram að margir eru ánægðir með mötuneytið og sérstaklega þeir sem eiga börn með sérþarfir hvað varðar mataræði, vel er hugsað um þann hóp. Einnig voru foreldrar barna sem þurfa sérstuðning ánægðir með þá þjónustu sem þau hafa fengið. Flestir voru ánægðir með aðlögun en að sjálfsögðu setti Covid strík í reikninginn þar sem foreldrar voru ekki eins miklir þátttakendur í starfinu og venjulega í aðlögun. Mikil ánægja var meðal foreldra vegna viðbragða skólans við Covid-19 eða 96,5% ánægja.

Í opnu spurningunum höfðu foreldrar einnig tækifæri til að koma með athugasemdir um það sem betur mætti fara. Ber þá helst að nefna upplýsingaflæði og þá til dæmis skort á upplýsingum í lok dags en það hjálpaði ef upplýsingar voru á töflu fyrir framan deild.

Foreldrar töluðu um að samskipti hefðu verið minni vegna Covid (foreldrar máttu almennt ekki dvelja lengi inni í leikskólanum og foreldraviðtöl voru rafræn eða símleiðis) en að oftast væru upplýsingar á facebooksíðu góðar og deildarstjórar hvettu foreldra til að hafa samband ef eitthvað væri.

Nánar um niðurstöðu foreldrakönnunarinnar má sjá á heimasíðu leikskólans.

Mat nemenda:

Nemendur tóku einnig þátt í innra mati. Tveir elstu árgangar svöruðu svokölluðu broskarlamati í maí 2021. Í matinu áttu börnin að segja til um líðan sína í sjö mismunandi aðstæðum. Spurt var um líðan þegar börnin koma í leikskólann, í hópastarfi, í fataklefanum, á Regnbogadegi, í útiveru, í matsalnum og þegar börnin fara heim. Þau áttu að merkja við broskall sem þýðir vel, kall með munn sem er beint strík sem þýðir sæmilegt og fýlukall sem þýðir illa. Börnin máttu svo útskýra líðan sína. Eins voru nokkrar opnar spurningar þar sem spurt var um vini, hvort þau væru góðir vinir og hvernig, hvað væri skemmtilegast í leikskólanum, hvort og hvað þá væri erfitt eða leiðinlegt, hvort þau mættu stundum ráða einhverju og ef svo, hverju og eins hvort þau mættu segja hvað þeim finnst og þá hvenær. Að lokum máttu þau segja eitthvað annað um leikskólann. Unnið var úr niðurstöðum fyrir hverja deild fyrir sig en úr matinu má lesa að þessi börn sem svöruðu könnuninni eru almennt mjög ánægð með leikskólann sinn. Þau eiga öll vini og eru nefnd sem vinir. Þau nefna margt sem þeim finnst skemmtilegt en einnig eitthvað sem veitist þeim erfitt. Flest telja þau að þau hafi

eitthvað um hlutina að segja og fá stundum að ráða einhverju. Matið nýtist deildunum til þess að endurmeta sitt starf og mæta þörfum einstaklinga.

Mat á umbótaþáttum frá síðasta skólaári:

- Einfalda matskerfin- Endurmat vor- og haustannar var stytt og ekki margar spurningar undir hverjum lið. Á fagfundi í maí var ákveðið að hætta með ferilmöppur í Hulduheimum.
- Innleiðing agastefnu Hulduheima- Gekk nokkuð vel en ekki var hægt að vinna með hana á starfsmannafundum (vegna samkomutakmarkana) eins og til stóð nema einu sinni í september. Orðræða og verklag hefur smátt og smátt verið að festast í sessi. Í lok skólaárs var lögð lokahönd á itarefni fyrir starfsfólk um viðbrögð við erfiðri hegðun. Í endurmati vorannar mátti sjá að agastefnan hafði haft áhrif í ljósi þess að starfsfólk nefndi að jákvæðar og markvissar agaaðferðir hefðu meðal annars gert það að verkum að árangur náðist að ná tókum á krefjandi barnahópum. Agastefnan fór heim með öllum börnum haustið 2020 og verður framvegis afhent foreldrum barna við upphaf leikskólagöngu í Hulduheimum.
- Fleiri fagfundir- nýta átti skipulagsdaga betur til þess að funda en í ljósi aðstæðanna var það ekki hægt nema einu sinni og þá til þess að fara yfir niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins. Þó voru tveir fagfundir á vorönn, annar í maí og hinn í júní. Fagfundir voru samtals þrjár á þessu skólaári og því aukning frá árinu áður þegar var einn fagfundur.
- Auka foreldrafræðslu- Fræðsla var send til foreldra tvisvar sinnum á skólaárinu, um mikilvægi málörvunar og mikilvægi svefns. Fræðslumolarnir voru einnig settir á heimasíðu undir „hagnýt ráð“.
- Foreldraviðtöl- Ákveðið hafði verið að foreldraviðtalið á haustönn væri fastmótað en viðtalið að vori væri meira val og öllu frjálsslegra. Ýmist var í boði viðtal á staðnum, í síma eða á TEAMS eftir því sem aðstæður leyfðu. Ákveðið hefur verið að bjóða foreldrum áfram upp á slíkt val, sérstaklega í seinna viðtalinu.
- Bæta enn móttökur nýliða- Nýliðafundur var haldinn á starfsdegi í september. Deildarstjórar tóku stutt viðtöl við allt starfsfólk sitt í nóvember, stjórnendur tóku viðtöl við afleysingafólk og starfsfólk í eldhúsi, nýliðum þótti gott að fara í þetta viðtal svo stuttu eftir nýliðafundinn. Starfsmannahandbókin er í sífellu í endurskoðun en nýtt starfsfólk á að fá tækifæri til að skoða hana fyrstu vikur í starfi. Starfsfólk sem byrjaði í vinnu seinna á árinu og fengu ekki nýliðafund fengu stutt fræðsluviðtöl þar sem farið var yfir það helsta.
- Vinna með einkunnarorðin og stefnu skólans- Þetta var gert á vorönn. Tveir elstu árgangar fengu námsefni sem farið var yfir í samverustundum eða í hópastarfi þar sem var unnið meira með það. Einkunnarorðin fléttuðust einnig inn í starf yngri hópa þó markviss innlögn hafi ekki verið hjá þeim. Í vorannarmati kom fram að einkunnarorðin hefðu birst í orðræðu barna sem og í framkomu starfsfólks við börnin (t.d. aukið lýðræði).
- Viðhorfavinna bæði til samstarfsfélaga, barna og foreldra - Vinna með einkunnarorðin kom sterklega inn í þennan lið þar sem aukin umræða um virðingu,

Lýðræði og samfélagið var við lýði í leikskólanum. Umræður um virðingu fóru einnig fram á fagfundi í maí og leiðbeinendafundi í júní.

4. Samsetning nemendahópa og foreldrasamstarf

4.1 Nemendahópurinn (aldur, árgangar, dvalartímar)

Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2020. Taka skal fram að um meðaltöl á dvalartíma eru að ræða.

Fjöldi barna í leikskólanum 1. desember 2020 var 121.

Aldursskipting	
Börn fædd 2015	44
Börn fædd 2016	28
Börn fædd 2017	27
Börn fædd 2018	22
Börn fædd 2019	0

Dvalartími	Fjöldi barna
4 tímar	0
5 tímar	1
6 tímar	4
7 tímar	7
8 tímar	49
9 tímar	60

4.1.1 Fjöldi nemenda sem nutu sérstaks stuðnings

Með sérstakan stuðning er átt við þau börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga. Einnig er um að ræða börn sem þurfa sérstaka þjálfun tímabundið vegna seinkunar í mál- og/eða hreyfiproska sem og börn með annað móðurmál en íslensku. Ekki er gerður munur á því hvort stuðningur átti sér stað í nokkur skipti eða allt árið.

Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2020.

34 börn nutu sérstaks stuðnings en unnið var með þau einstaklingslega og/eða í litlum hópum innan og utan deilda með aðkomu sérkennslustjóra og iðjuþjálfva.

Sérkennslustjóri hélt utan um fundargerðir fyrir teymisfundi, einstaklingsnámsskrár og annað sem snýr að sérkennslumálum í leikskólanum.

Öll börn í elsta árgangi voru prófuð í Hljóm-2 og þau sem komu slök út fengu auka þjálfun í hljóðkerfisvitund.

4.1.2 Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála

Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri. Samkvæmt upplýsingum sem sendar voru í skýrslu Hagstofu Íslands í desember 2020 voru 8 tvítyngd börn og tungumálin voru 7.

4.2 Foreldrasamvinna

Í leikskólum er mikilvægt að viðhafa öflugt og gott samstarf við foreldra með gagnvirku upplýsingaflæði milli heimilis og skóla þar sem málin eru rædd jafnóðum ef eitthvað kemur upp á. Þá er einnig mikilvægt að foreldrar finni að þeir séu velkomnir í leikskólann og að skapaður sé grundvöllur fyrir góðum samskiptum. Á skólaárinu var ekki hægt að bjóða upp á þátttöku foreldra í viðburðum (fyrir utan útskrift elstu barna) né bjóða þeim í heimsóknir en lögð var áhersla á gott upplýsingaflæði. Foreldrar höfðu líka orð á að það væri gott að geta átt í daglegum samskiptum við starfsfólk þrátt fyrir að þau væru stutt og með grímum.

4.2.1 Foreldraráð.

Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins að hausti. Á skólaárinu voru starfandi 9 fulltrúar sem einnig gegndu hlutverki stjórnar foreldrafélagsins. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Góð samvinna var með foreldraráðinu og leikskólanum eins og verið hefur undanfarin ár.

4.2.2 Foreldrafélag

Allir foreldrar leikskólabarnanna gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélaginu en á skólaárinu voru starfandi 9 fulltrúar í stjórn sem einnig sátu í foreldraráði. Foreldrafélagið bauð meðal annars upp á gjöf til útskriftarnemenda, tók þátt í vorhátíð leikskólans og gaf veglega afmælisgjöf þegar Hulduheimar urðu 15 ára. Einnig tók foreldrafélagið þátt í kostnaði vegna jólaballa sem voru haldin hér innanhúss vegna covid takmarkana. Færum við foreldrafélaginu bestu þakkir fyrir sitt framlag til leikskólans. Fleira stóð til að gera en þurfti að aflýsa því vegna takmarkana Covid-19.

4.2.3 Foreldrafundir, foreldrafraeðsla.

Kynningarfundir fyrir foreldra féllu niður og sendu deildarstjórar út veglegra fréttabréf í staðinn þar sem farið var yfir skipulag vetrarstarfs og starfsfólk á deildum. Aðalfundur foreldrafélagsins var í höndum stjórnar foreldrafélagsins eins og venjulega og var hann haldinn í september. Foreldrafélagið stendur gjarnan fyrir fræðslu til foreldra um ýmis viðeigandi málefni. Félagið gat ekki boðið upp á fræðslu þetta árið vegna samkomutakmarkana. Stjórnendateymi leikskólans sendi út fræðslumola til foreldra á skólaárinu undir heitinu „Viskubrunnur“. Efnið fjallaði annars vegar um svefn barna og hins vegar um málþroska. Þessa fræðslu má sjá á heimasíðunni undir „Hagnýt ráð“.

4.2.4 Foreldraviðtöl.

Foreldrar nýrra nemenda voru boðaðir í einkaviðtöl við deildarstjóra áður en aðlögun hófst. Foreldraviðtöl eru tekin tvisvar sinnum yfir árið (eitt á hvorri önn) og er þá miðað við að upplýsingar /niðurstöður úr TRAS, HLJÓM- 2 og Orðaskil séu sem nýjastar. Foreldraviðtöl voru ýmist á TEAMS eða símleiðis en í undantekningartilvikum í leikskólanum en þá með grímuskyldu og fjarlægðarmörkum.

Teymisfundir vegna barna sem eru með greiningu eða þurfa sérstakt utanumhald eru haldir reglulega yfir skólaárið eða eins og þurfa þykir. Á teymisfundum sitja foreldrar, sérkennari/þroskþjálfari, deildarstjóri eða sérkennslustjóri ásamt utanaðkomandi ráðgjafa. Þessir fundir fóru oftast fram á TEAMS.

4.2.5 Upplýsingaflæði til foreldra

Deildarstórar gefa út fréttabréf mánaðarlega og birta á facebooksíðu deildanna sem og önnur tilfallandi skilaboð og upplýsingar. Eitt fréttabréf var sent út frá leikskólastjórnendum í október en að öðru leyti sendir leikskólastjóri foreldrum tölvupóst þegar koma þarf skilaboðum til þeirra. Einnig má sjá allar almennar upplýsingar er varða leikskólann á heimasíðunni hulduheimar.arborg.is

5. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

Leikskólinn tengist hinum ýmsu stofnunum í samfélaginu og starfsfólkið nýtur þverfaglegar samvinnu og ráðgjafar við ýmsa aðila innan og utan leikskólans.

5.1 Samstarf við skólaþjónustu Árborgar

Ráðgjafateymisfundir þar sem ráðgjafar frá fjölskyldusviði veita deildarstjórum handleiðslu voru rafrænir þetta skólaárið vegna Covid- 19. Fulltrúi frá heilsugæslunni var með á fundi með reglulegu millibili. Leikskólaráðgjafi kom þó aðeins inn í leikskólann til þess að fylgjast með á deildum og veita ráðgjöf. Talmeinafræðingur kom einnig inn þegar takmarkanir leyfðu til þess að leggja mat á málþroska þeirra barna sem áttu slíka tilvísun.

5.2 Samstarf leik- og grunnskóla

Í Árborg er starfandi faghópur vegna samstarfs leik- og grunnskóla sem kallar sig „Brúum bilið“ en þar sitja fulltrúar allra leik- og grunnskóla ásamt kennsluráðgjöfum beggja skólastiga. Hópurinn sér um að skipulagi um samstarf skólastiganna sé fylgt og funda reglulega yfir skólárið. Fundirnir á skólaárinu voru flestir rafrænir. Heimsóknir á milli leik- og grunnskóla voru engar þetta skólaárið vegna Covid- 19 en nemendur á 1 ári hafa heimsótt

leikskólann sinn á haustönn og eins hafa elstu nemendur leikskólans heimsótt grunnskólann tvisvar sinnum á vorönn. Vorskóli féll einnig niður sem öllum þótti miður en foreldrar gátu óskað eftir að skoða skólann með sínu barni. Hinir árlegu skilafundir milli leik- og grunnskólanna (þar sem gögnum væntanlegra nemenda var skilað í grunnskólann) voru rafrænir.

5.3 Samstarf við háskólana

Enginn utanaðkomandi nemi var í verknámi í leikskólanum á skólaárinu en þess í stað voru þeir nemar sem starfa í Hulduheimum hér í verknámi. Þetta var einn nemi á 2. ári í leikskólakennaranámi og þrír nemar í meistaranámi til kennsluréttinda í menntunarfræði ungra barna. Þessir nemar fengu leiðsagnarkennara á annarri deild og voru þar í verknámi á verknámstímabilinu. Einn meistaranemi á síðasta ári var í starfstengdu leikskólakennaranámi og var með leiðsagnarkennara allt skólaárið.

5.4 Annað samstarf

Elstu börn leikskólans fengu árlega heimsókn frá slökkviliði Árborgar þar sem Glóð og Logi voru kynnt til leiks. Í Árborg er lögð áhersla á samvinnu og samráð milli stofnana og er það gjarnan í teyllum sem stofnuð eru um ákveðin málefni. Á skólaárinu voru tveir fulltrúar í fjölmenningsarteymi leikskólanna og var fundað rafrænt í gegnum TEAMS.

6. Starfsmannamál

Í desember 2020 störfuðu 48 starfsmenn í mismiklu starfshlutfalli á launaskrá en 5 voru í launuðu leyfi. Þar af voru 9 leikskólakennarar, einn iðjupjálfi, einn þroskaþjálfi auk nokkurra sem voru með aðra háskólamenntun. 5 voru í námi í leikskólakennarafræðum, 2 í grunnskólakennarafræðum, 1 í sérkennslufræðum og 2 í leikskólaliðanámi.

Á haustönn fór allt starfsfólk í örsamtöl hjá deildarstjóra, leikskóla- eða aðstoðarleikskólastjóra. Að voru fór allt starfsfólk í starfsþróunarsamtöl með leikskóla- eða aðstoðarleikskólastjóra. Gefin var hálf klukkustund í samtalið sem fór fram á skrifstofum stjórnenda en deildarstjórar töluðu eingöngu við leikskólastjóra og var þeim úthlutað klukkustund í samtalið.

6.1 Stjórnskipan Hulduheima skólaárið 2020-2021

Starfsheiti	Nafn
Leikskólastjóri:	Kristrún Hafliðadóttir
Aðstoðarleikskólastjóri:	Sólveig Dögg Larsen
Sérkennslustjóri:	Jensína Kristín Gísladóttir
Deildarstjóri Hlynkóga:	Pórunn Sif Ólafsdóttir
Deildarstjóri Sólbakka:	Silja Ósk Georgsdóttir
Deildarstjóri Kirsuberjadals:	Kristín Bjarnadóttir
Deildarstjóri Kattholts:	Júlíana Auðunsdóttir
Deildarstjóri Sjónarhóls:	Íris Erla Sigurðardóttir
Deildarstjóri Smálanda:	Jóna Kristín Jónsdóttir

6.2 Fundarhöld.

- Morgunfundir voru haldnir daglega klukkan 8:50 á þar sem farið var yfir stöðuna í húsinu og línur lagðar fyrir daginn.
- Deildarfundir voru hálf tíma einu sinni í viku.
- Deildarstjórafundir voru einu sinni í viku. Á þeim fundum sitja allir deildarstjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri. Meðan ströngustu takmarkanirnar voru var fundað rafrænt á Teams, svo í matsal þar sem hægt var að halda 2 metrum eða með grímu í undirbúningsherbergi.
- Samráðsfundir skólaþjónustu voru haldnir með 6 vikna millibili að jafnaði. Fundirnir fóru allir fram á Teams vegna Covid-19.
- Tveir fagfundir voru haldnir í leikskólanum að vori en þar fundu allir leikskólakennarar og aðrir háskólamenntaðir starfsmenn. Einnig var haldinn fundur fyrir leiðbeinendur í júní.
- Fundur fyrir nýliða var haldinn 25. september þar sem farið var í réttindi og skyldur starfsmanna og rætt um innra starf leikskólans.
- Enginn starfsmannafundur var haldinn utan starfsdaga og aðeins á einum skipulagsdegi að hausti náðist að halda fund þar sem allt starfsfólk var samankomið. Ástæðan voru takmarkanir vegna Covid-19.
- Samráðsfundir stjórnenda og eldhúss annars vegar og stjórnenda og sérkennslustjóra hins vegar voru eiga að vera með reglulegu millibili, viðmiðið var að fundu annanhvern mánuð en ekki náðist það alltaf. Til að mynda voru engir fundir á meðan takmarkanir vegna Covid-19 voru sem strangastar.
- Samráðsfundir leikskólastjóra í Árborg, fræðslustjóra og leikskólaráðgjafa voru einu sinni í mánuði en rafrænir á Teams.
- Sérkennslustjórar í leikskólum Árborgar funduðu einnig mánaðarlega í vetur, oftast á Teams.
- Faghópur um samstarf leik- og grunnskóla fundaði að vanda reglulega yfir skólaárið og oftast rafrænt á Teams.
- Fjölmennigarteymi fundaði nokkrum sinnum yfir skólaárið, allir fundirnir voru rafrænir á Teams.

6.3 Símenntun starfsmanna

Góð símenntun er nauðsynleg til að viðhalda fagmennsku og starfsþróun innan leikskólans. Hún er liður í umbótum samkvæmt innra mati starfsmanna og mikilvæg til að viðhalda þeim áherslum sem skólinn hefur sett sér. Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið og fræðsluerindi en einnig er tekið tillit til óska starfsmanna varðandi símenntun.

Leikskólastjóri auglýsir fræðsluerindi/námskeið (frá sveitarfélagi og fleiri aðilum) jafnóðum og þau berast og starfsmenn koma með sínar óskir um að sækja þessi námskeið. Leikskólinn greiðir námskeið og fyrirlestra sem eru á starfsdögum en einnig þau sem tengjast mikilvægum þáttum leikskólastarfsins s.s skyndihjálp, ART, Tras og Hljóm- 2 og námskeið vinnueftirlits. Önnur námskeið og fræðsluerindi sem kennarar sækjast eftir að fara á greiða þeir sjálfir en fá endurgreitt frá sínu stéttarfélagi.

Þar sem tilboð um símenntun berast leikskólanum allt skólaárið er ekki hægt að skipuleggja alla símenntun skólaársins að hausti en í starfsáætlun má sjá hvaða símenntun er þegar ákveðin fyrir komandi skólaár.

6.3.1 Námskeið og símenntun starfsmanna skólaárið 2020-2021

Fimm skipulags-/fræðsludagar voru á liðnu skólaári. Starfsmannafundur sem áttu að vera tveir á skólaárinu féllu niður vegna samkomutakmarkana.

- Starfsmannafundur 25.september – Nýliðafundur og ýmis mál, deildarvinna.
- Haustþing 8. deildar FL og FSL var áætlað 9. október en féll niður vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Í staðinn var fræðsludagur í leikskólanum þar sem starfsfólk hlýddi á netfyrirlestra í tveimur sóttvarnarhólfum.
- Starfsdagur 2. nóvember – Starfsfólk hlýddi á rafrænan fyrirlestur um leikinn (hópaskipt inni á deildum) og deildarvinna og ýmis skipulagsvinna.
- Skipulagsdagur 4. febrúar – Starfsfólki var tvískipt vegna takmarkana um fjölda (Covid-19). Boðið var upp á rafræna fyrirlestra (kynvitund barna, heilsueflandi samfélag og sjálfsstyrking) og svo voru umræður um endurmat og fleira.
- Skipulagsdagur 17.mars – Fræðsludagur leikskólanna var rafrænn vegna Covid-19. Sameiginlegur fyrirlestur fyrir hádegi (námskeið um kvíða barna og unglinga) þar sem starfsfólk var á sínum deildum en stjórnendur og eldhúsfólk í undirbúningsherbergi. Deildarfundir og deildarvinna eftir hádegi.
- Fyrirhuguð námsferð var felld niður. Búið var að taka ákvörðun um að fresta ferð til Finnlands og þá átti að fara í námsferð innanlands sem síðan var tekin af vegna ástands í þjóðfélaginu vegna Covid-19. Starfsdagar geymdir til næsta skólaárs.

Símenntun á skipulagsdögum og önnur símenntun starfsmanna er tilgreind hér fyrir neðan:

Hverjir?	Hvaða efni	Dags.
Iðjupjálfi	AEPS	15.sept og 26.janúar
Nýliðar	Nýliðafræðsla	25.sep
Allir	Könnunaraðferð- upprifjun	25.sep
Nokkrir starfsmenn/nemar	Menntakvika- ýmsir fyrirlestrar	2.okt
Allir- fræðsludagur	Skynþroskinn og áhrif hans á hreyfifærni barna	9.okt
Allir- fræðsludagur	Menntun og fagþróun leikskólakennaranema í vettvangsnámi“.	9.okt
Allir- fræðsludagur	„Fagmennska, hlutverk og kynjavídd“	9.okt
Allir- fræðsludagur	Samspil kvíða og hegðunarvanda barna“	9.okt
Stuðningsfulltrúi/sérkennari	Hagnýtar leiðir til að takast á við erfiða hegðun	23.okt og 3.nóv
Deildarstjórar	Málþing FI- Netfyrirlestur um leikinn	27.okt
Leiðbeinendur	Netfyrirlestur um leikinn	2.nóv
Trúnaðarmaður FOSS	Trúnaðarmannanámskeið	27.nóv
Sérkennari og sérkennslustjóri	Atferlissihlutun fyrir börn með þroskafrávik	25.jan
Iðjupjálfi	Snapcore námskeið	26.jan
Leikskólakennari	Ráðstefna um einhverfu	29.jan
Allir	Fræðsla frá Samtökum 78, kynvitund barna ofl	4.feb
Allir	Lærðu að elska þig- sjálfsstyrking	4.feb
Allir	Heilsueflandi leikskóli	4.feb
Leikskólastjórnendur	Starfsandi og vellíðan á vinnustað - netnámskeið	26.feb
Allir	Fræðsla um kvíða barna og unglinga	17.mar
Proskapjálfi og iðjupjálfi	Skipulagt nám og kennsla	22.-24.mars
Proskapjálfi	Vorráðstefna GRR	29.og 30.apríl
Sérkennslustjóri og iðjupjálfi	Grunnnámskeið GRR um einhverfu	28.maí

7. Starfsáætlun skólaársins 2021-2022

7.1 Áherslur í starfi Hulduheima á skólaárinu 2021-2022

Á nýju skólaári verður haldið áfram að innleiða agastefnu Hulduheima með því að æfa vinnubrögð og halda umræðum á lofti.

Einnig verður þess gætt að þekking á einkunnarorðum festist í sessi og umræða um þau verði með reglubundnum hætti.

Í janúar tókum við inn námsefnið *Vinátta* sem er vináttuverkefni Barnaheilla. Þetta er liður í því að efla félagsfærni barna en það er eitt af markmiðum Hulduheima. Fyrir er unnið með ART í elsta hópi. *Vinátta* verður tekið upp meðal yngstu nemenda leikskólans og ef vel tekst til kemur til greina að taka það upp í hópum eldri nemenda.

Að lokum verður lögð áhersla á að fylgja eftir og útfæra tillögur vinnuhóps um betri leikskóla í Árborg eftir því sem þær berast.

7.2 Símenntunaráætlun skólaársins 2021-2022

Dags.	Símenntun	Hvar
Starfsmannafundur 9.ágúst	Ávarp bæjarstjóra og deildarvinna	Hulduheimar
Skipulagsdagur 7.september	Málþing um málefni leikskóla í Árborg	Hótel Selfoss
Haustþing 8.október	Rafrænir fyrirlestrar	Hótel Selfoss
Skipulagsdagur 1.nóvember	Vinátta- verkefni Barnaheilla	Hulduheimar
Starfsmannafundur 10.janúar	Ýmis málefni	Hulduheimar
Skipulagsdagur 3.febrúar	Menning leikskólans	Hulduheimar
Fræðsludagur leikskólanna 30.mars	Ýmsir fyrirlestrar	Ekki ákveðið
Skipulagsdagur 6.maí		
25-27 maí	Námsferð innanlands	Innanlands

Starfsmenn á eldri deild fara á Art námskeið í byrjun árs.

Auk þessa er lögð áhersla á að starfsmenn komist á námskeið og ráðstefnur sem eru reglulega auglýst og í boði fyrir starfsmenn Árborgar.

7.2 Umbótaáætlun Hulduheima 2021-2022

Markmið	Leiðir
Efla félagsfærniþjálfun. Innleiðing „Vináttu“	Námskeið í nóvember með öllu starfsfólki. Námsfnið verður tekið í notkun í janúar 2022 með yngstu árgöngum leikskólans.
Áframhaldandi innleiðing agastefnu Hulduheima	Allt starfsfólk á að lesa ítarefni um agastefnuna- viðbrögð í ýmsum aðstæðum. Aðferðir og leiðbeiningar úr agastefnunni koma upp á veggj á deildum reglulega til að minna starfsfólk á.
Gera einkunnarorðin sýnileg og viðhalda þekkingu á þeim.	Setja upp merkingar við innganga. Festa umræður um einkunnarorðin í samverustundir yfir skólaárið.
Bæta enn móttökur nýliða.	Sólveig aðstoðarleikskólastjóri heldur utan um móttöku og eftirfylgni við nýtt starfsfólk. Lögð áhersla á góða upplýsingagjöf og markvissa endurgjöf.
Gera betur í að vekja athygli á leikskólastarfinu á degi leikskólans.	Útbúa kynningarblað um leikskólann (með nemendum) og senda með heim og jafnvel á vinnustaði og í bæjarblaðið. Taka styttri göngu og vera með uppábrot á starfi í garðinum.
Litadagar	Skýra tilgang með litadögum. Vinna með litinn vikuna á undan litadegi sem verður á föstudegi. Sameiginleg söngstund í sal. Eitthvað á matseðlinum yrði í sama lit.

7.3 Matsáætlun Hulduheima skólaárið 2021-2022

Hvað á að meta?	Viðmið/markmið	Hvernig meta?	Hvenær meta?	Hver metur?
Hvernig gengur að innleiða agastefnu og tileinka sér vinnubrögð	Að allt starfsfólk nái að tileinka sér hugmyndafræði og verklag samkvæmt agastefnunni.	Lítill netkönnun til starfsfólks um áramót. Endurmat haust- og vorannar	Haust og vor	Allt starfsfólk deilda
Líðan barna í leikskólanum (mat á námi og velferð barna).	Að börnum líði vel og séu að njóta sín í leik og starfi	Spurningar til starfsfólks í endurmati haustannar. Netkönnun foreldra í desember. Broskarlamat barna, tveir elstu árgangar.	Desember. Vor 2021.	Börn. Starfsfólk deilda. Foreldrar.
Stjórnun	Að stjórnun leikskólans miði að faglegum vinnubrögðum og að leikskólinn starfi samkvæmt lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla.	Starfsmannasamtöl, endurmat haustannar, umræður á deildarstjórafundi eftir áramót, starfsmannakönnun Skólapúlsins og Maskínukönnun sveitarfélagsins	Allt skólaárið	Allt starfsfólk.
Námssviðið: Sjálfbærni og vísindi.	Að unnið sé samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla. Efla faglegar umræður.	Fræðsla og umræður á skipulagsdegi, matslisti fylltur út á deildarfundum, niðurstöður ræddar á deildarstjórafundi	Skipulagsdagur í febrúar, mat í kjölfar þess.	Allt starfsfólk deilda.
Innleiðingu Vináttu	Að innleiðingin gangi vel, að starfsfólk sé vel upplýst, geti notað námsefnið og geti tengt það við daglegar aðstæður í leikskólanum	Endurmat vorannar	Vor 2021	Starfsfólk deilda þar sem Vináttu verður innleidd.
Líðan starfsfólks	Að starfsfólki líði vel á vinnustaðnum og fái að njóta styrkleika sinna. Að móttökur nýliða séu vandaðar og til fyrirmyndar.	Starfsmannasamtöl tvisvar á skólaárinu. Nýliðakönnun á haustönn. Starfsmannakönnun Skólapúlsins.	Stutt samtöl á haustönn, starfsþr.samtöl vorönn. Könnun lok árs	Allt starfsfólk.
Þætti úr umbótaáætlun	Að verið sé að vinna að þeim umbótum sem sett var upp með	Í endurmatslistum haust- og vorannar. Í einhverjum tilfellum á deildarstjóra-fundum	Haust og vor	Það starfsfólk sem á hlut að máli

7.4 Leikskóladagatal 2021-2022

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2021 - 2022

Nafn leikskóla: Hulduheimar

ÁGÓST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 S	1 M	1 F	1 M Skipulagsdagur	1 M Fúðellögurinn	1 L Nýársdagur	1 D	1 D Sereggdagur	1 F	1 S Venjaldagurinn	1 M	1 F Sumarbúinn
2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M Óskudagur	2 L	2 M	2 F	2 L
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F Skipulagsdagur	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 D	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L	4 M Sumarbúinn
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L Dagur stæðisbarnar	5 L	5 Þ	5 F	5 S Húttánuvöldagur	5 Þ
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S Dagur stæðisbarnar	6 S	6 M	6 F Skipulagsdagur	6 M Annar íslingsdagur	6 M Sumarbúinn
7 L	7 D Skipulagsdagur	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Sumarbúinn
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 D	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F Sumarbúinn
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 L
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 D	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L	11 M Sumarbúinn
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 D	12 F	12 S	12 D Sumarbúinn
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M	13 M Sumarbúinn
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F Sumarbúinn
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 D	15 D	15 Þ	15 S	15 M	15 F Sumarbúinn
16 M	16 F	16 L	16 D	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 L
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 D	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L	18 M Sumarbúinn
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 D Sumarbúinn
20 F	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M	20 M Sumarbúinn
21 L	21 D	21 F	21 S	21 D	21 F	21 M	21 M	21 F	21 L	21 D	21 F Sumarbúinn
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 D	22 D	22 F	22 S	22 M	22 F Sumarbúinn
23 M	23 F	23 L	23 D	23 F	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 L
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 F	24 S	24 D	24 F	24 S
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L	25 D	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L	25 M Sumarbúinn
26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 L	26 L	26 D	26 F	26 S	26 D Sumarbúinn
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M	27 M Sumarbúinn
28 L	28 D	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F Sumarbúinn
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 D	29 D	29 F	29 S	29 M	29 F Sumarbúinn
30 M	30 F	30 L	30 D	30 F	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 L Sumarbúinn
31 D		31 S		31 F	31 M		31 F		31 D		

8. Samþykki foreldraráðs

Selfossi, 1. febrúar 2022

Foreldraráð Hulduheima hefur lesið starfsskýrslu Hulduheima 2020-2021 og ársskýrsluna 2021-2022 og samþykkir hana.

Fyrir hönd foreldraráðs Hulduheima: